



# Styrkur til doktorsnema í heimspeki

Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar  
auglýsir eftir umsóknum

STYRKARSJÓÐIR

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Heimspekisjóði Brynjólfs Bjarnasonar árið 2010.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta í framhaldsnámi í heimspeki. Styrkþegi skal halda fyrirlestur á vegum Félags áhugamanna um heimspeki eigi síðar en tveimur árum eftir að honum er veittur styrkurinn.

**Umsóknarfrestur er til 29. mars 2010.**

Að þessu sinni verður styrkur veittur til nemanda í doktorsnámi í heimspeki. Styrkupphæð er kr. 200.000.

Í umsókninni þurfa eftirtalin atriði að koma fram:

- Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og virkt netfang.
- Helstu atriði úr náms- og starfsferli umsækjanda og upplýsingar um námsárangur.
- Heiti rannsóknarverkefnis, markmið og vísindalegt gildi.
- Hnitmiðuð lýsing á verkefninu, 2-3 málsgreinar, sem verður nýtt til almennrar umfjöllunar og kynningar, hljóti verkefnið styrk.
- Áætlun um námsframvindu.
- Nöfn, símanúmer og netföng þeirra sem leita má til um meðmæli.

Hámarks lengd umsóknar er þrjár síður. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Stjórn áskilur sér rétt til að veita fleiri en einum umsækjanda styrk, hafna öllum og/eða úthluta með öðrum hætti. Umsóknum skal skila sem viðhengi á netfang Styrktarsjóða Háskóla Íslands: [sjodir@hi.is](mailto:sjodir@hi.is).

Áætlað er að úthlutun fari fram á vormánuðum 2010.

Frekari upplýsingar um styrkveitingu og úthlutun er að finna á heimasíðu Háskóla Íslands, [www.hi.is](http://www.hi.is), og einnig hjá Helgu Brá Árnadóttur, verkefnisstjóra styrktarsjóða og hollvina HÍ, [helgab@hi.is](mailto:helgab@hi.is), sími 525 5894.

Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar var stofnaður við Háskóla Íslands árið 1990. Stofnendur sjóðsins voru Elín Brynjólfsdóttir, dóttir Brynjólfs Bjarnasonar, og maður hennar Godtfred Vestergaard.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STYRKARSJÓÐIR